

AUGLÝSING
um breytingu á aðalskipulagi Laugardalshrepps 2000-2012,
Austurey II, Bláskógabyggð.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 20. maí 2010 staðfest breytingu á aðalskipulagi Laugardalshrepps 2000-2012 frá 22. nóvember 2001.

Breytingin felst í því að 3,2 ha frístundabyggðarsvæði norðan Austureyjarness breytist í landbúnaðarsvæði og jafnframt breytist 3,2 ha landbúnaðarsvæði austan nesses í frístundabyggðarsvæði. Í greinargerð á uppdrætti hafa heiti ofangreindra breytingarsvæða víxlast.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun gert tillögu til ráðherra um staðfestingu.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 20. maí 2010.

F. h. r.
Magnús Jóhannesson.

Sigríður Auður Arnardóttir.